

Æfingaspil

Bridsveturinn 2010-11 hélt undirritaður opið námskeið fyrir áhugasama keppnisþilara í Síðumúlanum, einu sinni í mánuði á föstudagskvöldum, samtals í átta skipti. Var byrjað á æfingum og þrautum, en síðan spiluð 8-12 spil og þau og skoðuð og rædd á eftir. Efni vetrarins er að finna í þremur skjölum á vef BSI, merktum „Æfingaspil“ „Heilræðavísur“ og „Panelpælingar“.

Skjalið „Æfingaspil“.

Í þessu skjali eru 76 spil sem notuð voru á námskeiðinu og henta vel til æfinga í heimahúsum. Spilin eru úr ýmsum áttum, úr stórmótum vetrarins eða bókum. Eitt spil er á hverri síðu og fylgja lauslegar skýringar og ein sagnröð. Þá er skráð niðurstaða þátttakenda við hvert borð og er tilvalið að nota meðalskor þeirrar spilmennsku sem viðmiðun við heimahúsaæfingar.

Góða skemmtun.

maí 2011

Guðmundur Páll Arnarson

Spil 1

Rosenblum 2010. Riðlakeppni, 8. umferð, spil 24.

Norður

♠ 108542
♥ G5
♦ ÁG9
♣ 1075

Vestur

♠ K96
♥ D1072
♦ K8
♣ KG98

Austur

♠ ÁDG73
♥ Á86
♦ 107532
♣ —

Suður

♠ —
♥ K943
♦ D64
♣ ÁD6432

N/Enginn

4♣x/S = 510 NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Thurston	Danailov	Willis	Karakolev
—	pass	1 ♠	2 ♣
dobl	3 ♣	3 ♦	4 ♣
dobl	pass	pass	pass

Út kom ♦K, sem Karakolev drap og spilaði hjarta á kóng og meira hjarta.

Vörnin spilaði spaða.

Sagnhafi trompaði, lagði niður ♣Á, trompaði spaða og hjarta á víxl og spilaði tígli í endastöðunni.

Vestur varð að trompa frá ♣KG9 og gefa slag á ♣D í lokin.

Unnið spil.

landsliðshópur 29.10 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♠ x	A	9	100	
2	4 ♠	A	9	50	
3	3 G	A	9		400
4	4 ♠	V	8	100	
5	4 ♠ x	A	8	300	
6	4 ♠ x	A	9	100	
7	4 ♠ x	A	9	100	
meðaltal				50	
mitt skor					

Spil 2

Rosenblum 2010. KO-32, 2. lota, spil 25.

Norður

♠ G106

♥ 98

♦ G10952

♣ K97

Vestur

♠ 9

♥ Á10743

♦ K43

♣ ÁD104

Austur

♠ KD8432

♥ —

♦ D86

♣ 8532

Suður

♠ Á75

♥ KDG652

♦ Á7

♣ G6

A/NS

4♥x/S = 800 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Mullamphy	Greco	Klinger	Hampson
—	—	3 ♠	4 ♥
dobl	pass	pass	pass

Ástralinn Klinger veiðir vel með opnun á 3♠, frekar en 2♠.

Staðan er kjörin: fyrsta hönd, utan hættu gegn á hættu.

Á suður sjálfsagða innákomu á 4♥?

--- --- ---

Skiptingin 6-4-3-0 virðist henta vel í opnun á þremur, frekar en tveimur, sérstaklega ef sexliturinn er sæmi-lega þéttur.

landsliðshópur 29.10 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	3 ♥ x	S	7		500
2	3 ♥	S	7		200
3	3 ♥ x	S	8		200
4	3 ♥	S	8		100
5	3 ♥ x	S	7		500
6	3 ♥ x	S	7		500
7	3 ♥	S	8		100
meðaltal					300
mitt skor					

Spil 3

Rosenblum 2010. Riðlakeppni, 3. umferð, spil 3.

Norður

♠ ÁD763

♥ 1063

♦ 3

♣ Á985

Vestur

♠ G92

♥ ÁG75

♦ KD876

♣ 7

Austur

♠ K1054

♥ D942

♦ 1052

♣ 42

Suður

♠ 8

♥ K8

♦ ÁG94

♣ KDG1063

S/AV

3G/S = 400 NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Mihai	Meckstroth	Weinstock
—	—	—	1 ♣
dobl	1 ♠	dobl	2 ♣
pass	3 ♣	pass	3 ♦
dobl	3 ♠	pass	3 G
pass	pass	pass	

Besti samningurinn er 5♣, en lauf-slemma er ekki svo galin og vinnst ef út kemur ♥Á eða ♦K.

En 3G er ágætur samningur líka og rúllar heim ef vestur byrjar á smáum tígli. Í reynd kom Rodwell út með ♠2 og Weinstock svínaði. Meckstroth gat nú hnekkst spiluðu með hjarta til baka, en hann valdi tígul—nían og drottningin. Rodwell spilaði ♠G (sem var dúkkaður) og meiri spaða. Þar með var sviðið sett fyrir innkast í lokin: Weinstock henti ♥8 í ♠Á, kláraði laufin og sendi Rodwell loks inn á ♥Á til að spila upp í tígulgaffalinn.

landsliðshópur 29.10 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	3 G	N	7		100
2	3 G	S	6		150
3	3 G x	S	8		100
4	3 G	S	9	400	
5	6 ♣	S	10		100
6	3 G	N	8		50
7	3 ♣	S	11	150	
meðaltal				0	0
mitt skor					

Spil 4

Rosenblum 2010. KO-32, 2. lota, spil 23.

Norður

♠ 7
♥ 1086
♦ Á94
♣ Á107543

Vestur

♠ G9632
♥ D9432
♦ G7
♣ K

Austur

♠ ÁD105
♥ K7
♦ K1032
♣ 862

Suður

♠ K84
♥ ÁG5
♦ D865
♣ DG9

V/Allir

3G/S = 600 NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Mullamphy	Greco	Klinger	Hampson
pass	pass	1 ♦	pass
1 ♠	2 ♣	2 ♠	2 G
3 ♠	dobl	pass	3 G
pass	pass	pass	

Með ♣K réttum standa 3G eins og stafur á bók.

Nokkuð gott hjá Greco/Hampson með 21 HP á milli handanna, ekki síðst þar eð menn voru almennt að spila spaðabút og vinna í A-V.

Það má velta því fyrir sér hvort það borgi sig fyrir suður að opunar-dobla einn tígul.

landsliðshópur 29.10 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	3 ♠	V	9		140
2	3 ♠	A	9		140
3	4 ♠	A	8	200	
4	3 ♠	V	7	200	
5	4 ♠	V	8	200	
6	3 ♠	V	9		140
7	5 ♣	N	10		100
meðaltal				0	0
mitt skor					

Spil 5

Rosenblum 2010. KO-16, 1. lota, spil 5.

Norður

♠ ÁKDG1097

♥ 104

♦ 62

♣ 93

Vestur

♠ 63

♥ Á987

♦ Á4

♣ D8652

Austur

♠ 54

♥ DG652

♦ G85

♣ KG4

Suður

♠ 82

♥ K3

♦ KD10973

♣ Á107

N/NS

4♠/N = 650 NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Sadek	Hampson	Ahmady	Greco
—	1 ♠	pass	2 ♦
pass	3 ♠	pass	4 ♠
pass	pass	pass	

Hampson og Greco spila sterkt lauf og því getur norður leyft sér að stökkva í 3♠ í annarri sögn, sem væntanlega sýnir þéttan lit í þeirra kerfi.

Útspilið var ♥D—kóngur og ás.

Það er ekkert sem heitir, vestur verður að skipta yfir í lauf í öðrum slag. Sadek fann ekki þá vörn, heldur trompaði út. Hampson drap hátt heima, spilaði tígli á kóng og átti þann slag. Hann prófaði ♦D næst, enda vel settur með ♠8 sem innkomu til hliðar við ♣Á. Sadek trompaði aftur út og það þýddi 11 slagi.

landsliðshópur 29.10 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♠	N	10	620	
2	4 ♠	N	10	620	
3	4 ♠	N	9		100
4	5 ♠	N	10		100
5	4 ♠	N	12	680	
6	4 ♠	N	10	620	
7	4 ♠	N	9		100
meðaltal				320	
mitt skor					

Spil 6

Rosenblum 2010. Riðlakeppni, 2. umferð, spil 22.

Norður

♠ K10763

♥ 4

♦ Á3

♣ DG632

Vestur

♠ 85

♥ ÁKD109

♦ K8

♣ Á1095

Austur

♠ ÁDG94

♥ G3

♦ 109642

♣ 8

Suður

♠ 2

♥ 87652

♦ DG75

♣ K74

A/AV

2♣/A = 100 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Lusky	Bocchi	Pickett	Ferraro
—	—	pass	pass
1 ♥	1 ♠	pass	pass
dobl	2 ♣	pass	pass
pass			

NS eiga heima í 3G, en sá samningur náðist víða og vannst auðveldlega. Hér eru vandræðin þau að austur gildrupassar 1 ♠ (er það best?) og finnur svo ekkert framhald við 2 ♣, einhverra hluta vegna. Bocchi finnur sektarlyktina langar leiðir og gerir vel í því að segja 2 ♣.

Það má velta því fyrir sér hvort norður eigi réttu spilin í 2♥ beint (Michaels) og þá hvert líklegt framhald yrði.

landsliðshópur 29.10 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♠ xx	A	8	1000	
2	3 G	V	9		600
3	3 G	V	9		600
4	6 ♣ x	S	7		1100
5	3 G	A	10		630
6	4 ♠ xx	A	8	1000	
7	4 ♣ x	S	6		800
meðaltal					250
mitt skor					

Spil 7

Rosenblum 2010. KO-64, 1. lota, spil 7.

Norður

♠ K732

♥ 94

♦ G8

♣ ÁG864

Vestur

♠ 8

♥ KG102

♦ 10974

♣ 7532

Austur

♠ ÁD10965

♥ 5

♦ ÁK32

♣ KD

Suður

♠ G4

♥ ÁD8763

♦ D65

♣ 109

S/Allir

2♥x/N = 800 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
--------	--------	--------	-------

Gawrys	Kopecky	Tuszynski	Kurka
--------	---------	-----------	-------

—	—	—	2 ♦ ¹
---	---	---	------------------

pass	2 ♥	dobl	pass
------	-----	------	------

pass	pass		
------	------	--	--

(1) Multi.

Á öllum borðum þar sem suður vakti á 2♦, *multi*, valdi austur að dobla 2♥ norðurs—hugmyndin þá sú að sýna yfirsterk spil með spaða við mögulegu laufsvári makkers.

landsliðshópur 29.10 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	2 ♥ x	S	6		500
2	3 ♠	A	9		140
3	2 ♥ x	S	6		500
4	3 ♠	A	9		140
5	2 ♠	A	8		110
6	2 ♥ x	S	6		500
7	4 ♠	A	9	100	
meðaltal					260
mitt skor					

Spil 8

Rosenblum 2010. Úrslitaleikurinn, 2. lota, spil 24.

Norður

♠ ÁDG3
♥ G875
♦ D10
♣ 1074

Vestur

♠ K4
♥ 432
♦ ÁKG62
♣ 862

Austur

♠ 1098
♥ ÁKD9
♦ 854
♣ G95

Suður

♠ 7652
♥ 106
♦ 973
♣ ÁKD3

V/Enginn

1G/V = 150 NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Diamond	Katz	Platnick	Nickell
1 ♦	pass	1 ♥	pass
1 G	pass	pass	pass

Útspil Katz var ♥8. Diamond drap hátt, fór heim á ♦Á, spilaði hjarta á blindan og tígli á gosann. Nú skipti Katz yfir í ♣10 og vörnin tók restina.

Sagnir gengu eins á hinu borðinu og útspilið var líka hjarta, sem Rodwell drap og svínaði strax ♦G. Moss í norður spilaði hjarta um hæl. Sjö slagir.

landsliðshópur 29.10 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	pass				
2	pass				
3	1 G	V	7		90
4	3 ♠	N	9	140	
5	1 G	V	6	50	
6	pass				
7	2 ♠	S	9	140	
meðaltal				50	
mitt skor					

Spil 9

Rosenblum 2010. Riðlakeppni, 3. umferð, spil 9.

Norður

♠ Á107654

♥ 8

♦ Á103

♣ ÁKD

Vestur

♠ D2

♥ KDG63

♦ KD8

♣ 963

Austur

♠ KG

♥ Á10975

♦ G9742

♣ G

Suður

♠ 983

♥ 42

♦ 65

♣ 1087542

N/AV

4♥x/V = 790 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Greco	Yuen	Hampson	De la Sal
—	1 ♠	pass	pass
2 ♥	dobl	4 ♥	pass
pass	dobl	pass	pass
pass			

Einhvern veginn verða NS að koma sér í 4♠, en sá samningur vinnst léttilega og raunar fást ellefu slagir ef vörnin brýtur ekki tígulslaginn strax. En hvað er til ráða? Á suður að taka út úr síðara doblinu eða segja eitthvað við 1♠? Ýmislegt kemur til greina, meðal annars gæti norður nálgast spilið á annan hátt: sagt 2♠ við 2♥ og doblað svo 4♥. Þá er sjötti spaðinn kominn inn í myndina.

landsliðshópur 29.10 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♠	N	10	420	
2	4 ♠	N	10	420	
3	4 ♠ x	N	11	690	
4	4 ♠	N	10	420	
5	5 ♠	N	9		100
6	4 ♠	N	10	420	
7	4 ♥ x	V	10		790
meðaltal				210	
mitt skor					

Spil 10

Rosenblum 2010. Riðlakeppni, 3. umferð, spil 10.

Norður

♠ D10832
♥ G109
♦ 932
♣ 43

Vestur

♠ KG4
♥ KD5
♦ KD876
♣ K9

Austur

♠ 76
♥ 7642
♦ G4
♣ ÁD1062

Suður

♠ Á96
♥ Á83
♦ Á105
♣ G875

A/Allir

3G/V = 600 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Mihai	Meckstroth	Weinstock
—	—	pass	1 ♣ ¹
1 G	pass	2 ♣ ²	pass
2 ♦	pass	2 G	pass
3 G	pass	pass	pass

(1) Standard

(2) Stayman

Hvað á vestur að segja við 1 ♣?
Kemur til greina að melda 1 ♦ eða
dobra? Er 1G betri eða verri sögn?

Eftir opnum mótherja á láglit duga
oft 23-24 HP í 3G. Því ætti svarhönd
(austur hér) að gefa makker undir
geimfótinn með allt niður í 7 HP.

landsliðshópur 29.10 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	1 G	V	8		120
2	1 G	V	8		120
3	1 G	V	6	100	
4	1 G	V	9		150
5	1 G	V	8		120
6	1 G	A	10		180
7	4 ♠	V	7	300	
meðaltal					40
mitt skor					

Spil 11

Rosenblum 2010. Riðlakeppni, 5. umferð, spil 11.

Norður

♠ 974
♥ 975
♦ ÁG832
♣ ÁG

Vestur

♠ 103
♥ KG108632
♦ D4
♣ D4

Austur

♠ Á2
♥ ÁD4
♦ 1096
♣ K8752

Suður

♠ KDG865
♥ —
♦ K75
♣ 10963

S/Enginn

Vestur	Norður	Austur	Suður
Lindop	Bocchi	Baxter	Ferraro
—	—	—	2 ♠ ¹
pass	pass	dobl	pass
4 ♥	pass	pass	pass

(1) Veikir tveir.

NS eiga ellefu slagi á borðinu í spaðasamningi og því er afleitt að gefa AV eftir samninginn í 4♥.

Ítalirnir bættu gráu ofan á svart með því að klúðra vörninni í 4♥. Bocchi kom út með ♠4, sagnhafi drap og spilaði laufi á drottninguna. Bocchi tók með ás, spilaði spaða til makkers og Ferraro kom með ♦5 til baka—drottning og ás. Nú er staðan ekki kristaltær og Bocchi spilaði laufi. Sagnhafi gat þá fríað 5. laufið og hent niður tígli.

Er lærdómurinn sá að ekki skuli opna á veikum tveimur með 6-4 og eyðu?

landsliðshópur 29.10 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♠ x	S	11	690	
2	4 ♠	S	10	420	
3	4 ♥ x	V	9	100	
4	5 ♥ x	V	10	100	
5	4 ♥	V	9	50	
6	4 ♠ x	S	11	690	
7	5 ♥ x	V	9	300	
meðaltal				340	
mitt skor					

Spil 12

Rosenblum 2010. KO-32, 4. lota, spil 25.

Norður

♠ ÁD10987

♥ Á109

♦ 105

♣ 82

Vestur

♠ —

♥ KG43

♦ ÁD86

♣ G10943

Austur

♠ 42

♥ 752

♦ 743

♣ ÁK765

Suður

♠ KG653

♥ D86

♦ KG92

♣ D

V/NS

4♠/N = 100 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Berkowitz	Wold	Sontag	Bates
1 ♦	1 ♠	pass	4 ♣
pass	4 ♠	pass	pass
pass			

Með réttri vörn fara 4♠ einn niður (t.d. ♣Á út og ♣G í hjá vestri til að biðja um hjarta), en á hinn bóginn vinnast 5♣ í AV. Sontag og Berkowitz sofa af sér sagnir. Pass austurs við 1♠ er svo sem skiljanlegt, en manni finnst eins og vestur verði að gera eitthvað á síðari stigum—annað hvort dubla 4♣ (hvað sem það ætti að þýða) eða passa 4♣ og dubla 4♠ (þá sem TV-dobl).

Annars er álitamál hvort vestur eigi yfirhöfuð að opna. Hann lendir í vandræðum ef makker á spaðalit á móti, verður að segja 2♣ og ljúga til um skiptinguna. Ef vestur passar í byrjun verður leikur einn að koma inn á síðari stigum.

landsliðshópur 29.10 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♠	N	9		100
2	4 ♠	N	9		100
3	4 ♠ x	N	9		200
4	6 ♥ x	V	10	300	
5	4 ♠	N	10	620	
6	4 ♠	N	9		100
7	5 ♠	N	10		100
meðaltal				50	
mitt skor					

Spil 13

Rosenblum 2010. Riðlakeppni, 5. umferð, spil 13.

Norður

♠ ÁKG8
♥ D1054
♦ ÁG102
♣ 8

Vestur

♠ —
♥ 763
♦ 9754
♣ Á109754

Austur

♠ 972
♥ KG982
♦ KD8
♣ 62

Suður

♠ D106543
♥ Á
♦ 63
♣ KDG3

N/Allir

6♠/S = 1430 NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Duboin	Hargreaves	Sementa	McAvoy
—	1 ♦	1 ♥	1 ♠
2 ♥	3 ♠	pass	4 G ¹
pass	5 ♦ ¹	pass	6 ♠
pass	pass	pass	

(1) RKC og svar (1430)

Slemman var víða gefin með ♣Á út og Duboin var í þeim fríða útspils-flokki. Sem vekur ýmsar spurningar.

Til dæmis:

Ætti austur að dubla 5♦?

Á ekki að spila út ás gegn slemmu þegar makker hefur meldað annan lit?

landsliðshópur 26.11 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	6 ♠ x	S	11		200
2	6 ♠	S	12	1430	
3	4 ♠	S	12	680	
4	7 ♠ x	S	12		200
5	4 ♠	S	11	650	
6	5 ♠	S	12	680	
meðaltal				500	
mitt skor					

Spil 14

Rosenblum 2010. KO-32, 3. lota, spil 14.

Norður

♠ G104
♥ DG108632
♦ K
♣ D4

Vestur

♠ K972
♥ Á
♦ ÁD642
♣ ÁG8

Austur

♠ Á3
♥ 75
♦ G1087
♣ 97653

Suður

♠ D865
♥ K94
♦ 953
♣ K102

A/Enginn

4♦/V = 150 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rotaru	Sementa	Coldea	Duboin
—	—	pass	pass
1 ♦	3 ♥	pass	pass
dobl	pass	4 ♦	pass
pass	pass		

Nákvæmlega þannig gengu sagnir á mörgum borðum.

Sérstaka athygli vekur að suður skuli EKKI lyfta í 4♥. Fyrir því eru margar ástæður. Ein sú að norður er í blæðandi stöðu á móti pössuðum makker (gæti sem sagt átt spil af ýmsum toga, fárveik eða allsterk). En fleira kemur til. Suður á fjórlit í spaða og hefur ekkert á móti því að AV finni þann lit. Hann reiknar ekki með að AV vinni slemmu og því er ástæðulaust að fórna fyrirfram 300-500 niður “undir” ómelduðu geimi.

landsliðshópur 26.11 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♥ x	N	7		500
2	4 ♣	V	9	50	
3	4 ♥ x	N	7		500
4	5 ♦	V	12		420
5	5 ♦	V	10	50	
6	5 ♦	V	11		400
meðaltal					290
mitt skor					

Spil 15

Rosenblum 2010. KO-64, 4. lota, spil 15.

Norður

♠ 74
♥ Á543
♦ KG8543
♣ 10

Vestur

♠ ÁG9652
♥ K2
♦ 7
♣ ÁG42

Austur

♠ KD1083
♥ 1086
♦ D1062
♣ 7

Suður

♠ --
♥ DG97
♦ Á9
♣ KD98653

S/NS

5♠x/V = 100 NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Demiriv	Sementa	Bramley	Duboin
—	—	—	1 ♣
1 ♠	dobl	4 ♠	4 G
dobl	5 ♦	pass	5 ♥
5 ♠	dobl	pass	pass
pass			

Duboin leitar eftir laufstuðningi með 4G*, en það er spurning hvort makker muni nokkurn tíma sýna slíkan stuðning með ♣Gx eða því um líkt.

Hvað er vestur að fara með því að dubla 4G og segja svo 5♠ við 5♥?

Hefði austur átt að dubla 5♦?

*4G er ALDREI ásaspurnig í sagn-baráttu. Til að byrja með er sögnin leit að fitti, en síðar getur komið á daginn að hugmyndin er að gefa makker undir slemmufótinn.

landsliðshópur 26.11 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	6 ♠ x	V	10	300	
2	5 ♦ x	S	9		500
3	5 ♠	V	11		450
4	5 ♠ x	V	10	100	
5	5 ♣ x	S	9		500
6	6 ♥ x	S	10		500
meðaltal					260
mitt skor					

Spil 16

Rosenblum 2010. Úrslitaleikur, 2. lota, spil 32.

Norður

♠ Á
♥ K873
♦ ÁKD1064
♣ Á3

Vestur

♠ 108643
♥ D104
♦ 7
♣ D984

Austur

♠ K972
♥ 95
♦ 9853
♣ 765

Suður

♠ DG5
♥ ÁG62
♦ G2
♣ KG102

V/AV

6♥/S = 980

Vestur	Norður	Austur	Suður
Diamond	Katz	Platnick	Nickell
pass	1 ♦	pass	1 ♥
pass	4 ♣	pass	4 ♥
pass	4 G	pass	5 ♦
pass	5 ♠	dobl	pass
pass	6 ♥	pass	pass
pass			

Hvað ætlaði Katz að gera er hann fengi engan ás hjá makker?

Gefast upp, til dæmis á móti ...
♠ xxx ♥ DGxxx ♦ x ♣ Kxxx ?

Hinum megin keyrðu Greco og Hampson í 7♦ og unnu eftir hræðileg afglöp Rodwells í vörninni —hann henti ♥D í nokkuð sannaðri stöðu.

landsliðshópur 26.11 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	6 ♥	S	12	980	
2	7 ♦	N	12		50
3	6 ♥	S	12	980	
4	6 ♦	S	12	920	
5	7 ♦	N	12		50
6	7 ♦	N	12		50
meðaltal				460	
mitt skor					

Spil 17

Rosenblum 2010. Undanúrslit, 1. lota, spil 1.

Norður

♠ G1092
♥ ÁG76
♦ K6
♣ D63

Vestur

♠ K85
♥ K532
♦ G9
♣ G1042

Austur

♠ D3
♥ D98
♦ ÁD73
♣ ÁK97

Suður

♠ Á764
♥ 104
♦ 108542
♣ 85

N/Enginn

3G/A = 400 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Rosenberg	Meckstroth	Willenken
—	1 ♣	1 G	pass
2 ♣	pass	2 ♦	pass
2 G	pass	3 G	pass
pass	pass		

Útspilið var tígull og nían kostaði kónginn. Þar með voru níu slagir léttir. Meckstroth tók ♣Á, spilaði svo ♥D, sem var dúkkuð. Hann fór þá inn í borð á ♦G og svínaði í laufi. Sótti loks níunda slaginn á spaða.

Hér er það framhald vesturs sem skapar sveiflu. Eftir opnun mótherja og innákomu makkars á grand er óhætt að reyna við geim með góða 7 hápunkta.

landsliðshópur 26.11 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	3 G	A	10		430
2	3 G	V	7	100	
3	3 G	A	8	50	
4	3 G	A	9		400
5	3 G	A	9		400
6	3 G	A	9		400
meðaltal					250
mitt skor					

Spil 18

Rosenblum 2010. Úrslitaleikurinn, 1. lota, spil 2.

Norður

♠ G5
♥ G107
♦ ÁDG9
♣ 9643

Vestur

♠ ÁD9
♥ 3
♦ K1085
♣ KG1085

Austur

♠ 10762
♥ D9652
♦ 76
♣ ÁD

Suður

♠ K843
♥ ÁK84
♦ 432
♣ 72

A/NS

2♦/V = 100 NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hampson	Hamman	Greco	Zia
—	—	pass	pass
1 ♦	pass	1 ♥	pass
2 ♣	pass	2 ♦	pass
pass	pass		

Svona hlutir gerast annað slagið ef opnað er á tígli með 4♦ og 5♣. Er það þessi virði?

Hinum megin spiluðu Meckstroth og Rodwell 2♣ eftir 1♦-1♥; 2♣-pass, þar sem endursögnin á 2♣ lofar bara laufi en segir ekkert um tígulinn.

landsliðshópur 26.11 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	3 ♣	V	8	50	
2	2 ♥	A	6	100	
3	3 ♣	V	9		110
4	2 ♠	V	6	100	
5	1 G	V	7		90
6	1 G x	V	6	100	
meðaltal				30	
mitt skor					

Spil 19

Rosenblum 2010. Undanúrslit, 2. lota, spil 28.

Norður

♠ G74

♥ 42

♦ D852

♣ ÁG53

Vestur

♠ Á6

♥ D63

♦ K1093

♣ 10872

Austur

♠ KD953

♥ 76

♦ G7

♣ KD94

Suður

♠ 1082

♥ ÁKG1098

♦ Á64

♣ 6

S/AV

2♠/A = 100 NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hampson	Helness	Greco	Helgemo
—	—	—	1 ♥
pass	1 G	pass	2 ♥
pass	pass	2 ♠	pass
pass	pass		

Austur biður réttilega með innákomuna þar til sagnir eru að deyja í 2♥. Þá getur hann meldað án þess að æsa makker upp.

Vörnin var nákvæm: Helgemo tók ♥Á-K, spilaði þriðja hjartanu og Helness stakk í með ♠G. Þetta dugði í einn niður. Sami samningur vannst á hinu borðinu eftir útspil í laufi.

landsliðshópur 26.11 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♥ x	S	8		300
2	3 ♥	S	8		50
3	2 ♥	S	8	110	
4	3 ♥	S	8		50
5	3 ♥ x	S	8		100
6	3 ♠	A	8	100	
meðaltal					50
mitt skor					

Spil 20

Rosenblum 2010. Úrslitaleikurinn, 1. lota, spil 4.

Norður

♠ K
♥ 4
♦ ÁD1054
♣ 1097632

Vestur

♠ 10762
♥ 82
♦ K832
♣ ÁG4

Austur

♠ Á9854
♥ ÁK976
♦ G97
♣ —

Suður

♠ DG3
♥ DG1053
♦ 6
♣ KD85

V/Allir

4♠_x/A = 200 NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Moss	Meckstroth	Gitelman
pass	pass	1 ♠	pass
2 ♣ ¹	2 G	3 ♥	4 ♣
pass	pass	4 ♥	pass
4 ♠	dobl	pass	pass
pass			

(1) Drury.

Vel meldað hjá öllum aðilum. Eftir upphaflegt pass sýnir Moss láglitina með 2G og Gitelman styður laufið. Doblið á 4♠ er tvíbent, þýðir: “Ég er til í allt, makker; á bæði vörn og auka lengd í laufi ef þú vilt fara í 5♣”.

Meckstroth spilaði gætilega að vanda og slapp einn niður með því að taka ♠Á og trompa þrjú hjörtu í borði. Hinum megin fóru Hampson & Greco líka einn niður á 4♠, ódobluðum. Hamman í norður sagði 2♦ við Drury vesturs.

landsliðshópur 26.11 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	5 ♣ x	N	9		500
2	5 ♣ x	N	10		200
3	4 ♠	A	8	200	
4	4 ♠	A	9	100	
5	3 ♠	A	7	200	
6	4 ♠	A	7	300	
meðaltal				20	
mitt skor					

Spil 21

Rosenblum 2010.

Norður

♠ DG652
♥ ÁG10975
♦ —
♣ 75

Vestur

♠ 10983
♥ K8
♦ G63
♣ G642

Austur

♠ ÁK
♥ 642
♦ Á97542
♣ 93

Suður

♠ 74
♥ D3
♦ KD108
♣ ÁKD108

N/NS

7♣/NS = 300 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Zimmerman	Brink	Multon	Drijver
—	1 ♥	2 ♦	3 ♣
pass	3 ♠	pass	3 G
pass	4 ♦	pass	6 G
pass	pass	dobl	pass
pass	7 ♣	pass	pass
pass			

Er skynsamlegt að opna á EINU hjarta í norður? Kemur til greina að opna á TVEIMUR hjörtum? ÞREMUR hjörtum? Er best að passa?

Hvaða rök má finna með og móti hinum ýmsu sögnum?

landsliðshópur 26.11 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♥	S	12	680	
2	4 ♥	N	11	650	
3	3 ♦	A	6	150	
4	4 ♥	N	11	650	
5	4 ♥	N	11	650	
6	3 ♠ x	N	10	930	
meðaltal				620	
mitt skor					

Spil 22

Rosenblum 2010. Riðlakeppni, 9 umferð, spil 6.

Norður

♠ ÁK5
♥ G64
♦ D76
♣ 10765

Vestur

♠ G
♥ ÁD1072
♦ ÁKG982
♣ 9

Austur

♠ 10932
♥ 85
♦ 1043
♣ Á842

Suður

♠ D8764
♥ K93
♦ 5
♣ KDG3

A/AV

4♠/S = 100 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
M. Bessis	Gold	T.Bessis	Townsend
—	—	pass	2 ♠ ¹
4 ♦ ²	4 ♠	pass	pass
pass			

(1) Tartan.

(2) Tígull & hjarta.

AV vinna 5♦ (600) og því er klént að láta 100-kall í 4♠ duga.

Manni finnst sem vestur hefði alla vega getað doblað 4♠ til að sýna höggspil í vörn og frekari vilja. Eins konar TV-dobl.*

T=transferable
V=values

landsliðshópur 26.11 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	5 ♦	V	11		600
2	4 ♥	V	10		620
3	2 ♠	S	8	110	
4	3 ♦	V	11		150
5	2 ♠	S	7		50
6	4 ♦	V	10		130
meðaltal					240
mitt skor					

Spil 23

Rosenblum 2010. Riðlakeppni, 4. umferð, spil 23.

Norður

♠ K54
♥ DG9876
♦ 5
♣ 963

Vestur

♠ D863
♥ ÁK54
♦ G73
♣ Á10

Austur

♠ G10
♥ 2
♦ ÁD1062
♣ K7542

Suður

♠ Á972
♥ 103
♦ K984
♣ DG8

S/Allir

3G/V = 600 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jassem	Jones	Martens	Rosen
—	—	—	pass
1 ♣ ¹	2 ♥	3 ♦	pass
3 G	pass	pass	pass

(1) Pólskt lauf.

Jassem dúkkaði útspilið (♥D) og það reyndist lykillinn að níu slögum. Ekki voru allir sagnhafar jafn vandvirkir.

landsliðshópur 26.11 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	5 ♦	V	10	100	
2	6 ♦	A	9	300	
3	5 ♦	V	10	100	
4	3 G	V	9		600
5	3 G	V	6	300	
6	3 G	V	9		600
meðaltal					70
mitt skor					

Spil 24

Rosenblum 2010.

Norður

♠ K86
♥ ÁG106
♦ D53
♣ 986

Vestur

♠ D1097532
♥ K932
♦ 2
♣ K

Austur

♠ Á
♥ 8754
♦ K874
♣ G1042

Suður

♠ G4
♥ D
♦ ÁG1096
♣ ÁD753

V/Enginn

3G/S = 400 NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hampson	Hamman	Greco	Zia
3 ♠	pass	pass	3 G
pass	pass	pass	

“Þetta er sá Zia sem við elskum,” sagði Maggi Magg á BB-spjallinu. Nokkuð til í því. Hins vegar er 3ja granda sögnin engin sérstök ævintýramennska. Miðað við pass austurs er makker líklegur til að leggja eitthvað í púkkið, þar á meðal stopp í spaða.

Út kom ♠9, lítið og ás. Vestur skipti yfir í smátt lauf. Zia svínaði ♣D og fékk ♠D um hæl. Hann drap, spilaði ♦D og ... Greco lagði á. Þar með var spilið í húsi.

Hinum megin passaði Gitelman opnun vesturs á 3♠ og uppskar 150 fyrir þrjá niður.

landsliðshópur 26.11 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	5 ♣ x	N	8		500
2	5 ♦	S	10		50
3	5 ♦ x	S	7		800
4	5 ♣ x	N	10		100
5	6 G x	N	11		100
6	3 ♠	V	6	150	
meðaltal					230
mitt skor					

Spil 25

Rosenblum 2010. KO-64. 2. lota, spil 22.

Norður

♠ 1093
♥ D86
♦ DG2
♣ 9876

Vestur

♠ Á87
♥ Á973
♦ Á985
♣ DG

Austur

♠ KDG42
♥ 2
♦ K63
♣ Á1032

Suður

♠ 65
♥ KG1054
♦ 1074
♣ K54

N/AV

6♠/A = 1430 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Moss	Ino	Gittelman	Teramoto
—	pass	1 ♠	pass
2 ♦	pass	2 ♠	pass
3 ♠	pass	4 ♣	pass
4 ♦	pass	4 ♥	pass
4 ♠	pass	4 G	pass
5 ♦ 1430	pass	5 ♥	dobl
5 ♠	pass	6 ♦	pass
6 ♠	pass	pass	pass

Hvernig er best að spila slemmuna með hjarta út?

Gitelman svínaði strax í laufi, tók síðar ♠KD, henti tveimur tíglum í ♣Á10 og trompaði tígul með ♠Á. Það dugði til vinnings.

landsliðshópur 17.12 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	6 ♠	A	11	100	
2	6 ♠	A	12		1430
3	6 ♠	A	10	200	
4	4 ♠	A	11		650
5	4 ♠	A	11		650
meðaltal					490
mitt skor					

Spil 26

Rosenblum 2010. Riðlakeppni, 8. umferð, spil 26.

Norður

♠ DG986432

♥ D

♦ D832

♣ —

Vestur

♠ —

♥ K9743

♦ Á1075

♣ ÁK84

Austur

♠ 1075

♥ G1082

♦ 64

♣ 10965

Suður

♠ ÁK

♥ Á65

♦ KG9

♣ DG732

A/Allir

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bilde	R.Welland	Graversen	H.Welland
—	—	pass	1 ♣ ¹
1 ♥	4 ♠	pass	pass
dobl	pass	5 ♥	dobl
pass	pass	pass	

(1) Standard.

Hvað þýðir stökk norðurs í 4♠?
Ennfremur: hvað þýðir dobl vesturs á 4♠ eftir innákomuna?

Danirnir Bilde og Graversen voru með stöðuna á hreinu, en ekki Sontag og Berkowitz. Þar sem þeir sátu í AV gengu sagnir nákvæmlega eins fram að ákvörðun austurs yfir 4♠ dobluðum. Sontag valdi að passa og útgjöfin var 1190 fyrir tvo yfirslagi. Graversen slapp hins vegar einn niður á 5♥ með því að djúpsvína fyrir litlu hjónin í laufi.

landsliðshópur 17.12 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♠ x	N	12	1190	
2	4 ♠	N	12	680	
3	4 ♠ x	N	12	1190	
4	6 ♠ x	N	12	1660	
5	5 ♠ x	N	12	1050	
meðaltal				1150	
mitt skor					

Spil 27

Rosenblum 2010. Undanúrslit, 4. lota, spil 17.

Norður

♠ G8
♥ Á98
♦ ÁK652
♣ 1092

Vestur

♠ 1075
♥ KG7643
♦ 9
♣ K87

Austur

♠ Á42
♥ D52
♦ D83
♣ D654

Suður

♠ KD963
♥ 10
♦ G1074
♣ ÁG3

S/Enginn

5♦/N = 50 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Helness	Moss	Helgemo	Gitelman
—	—	—	1 ♠
pass	2 ♦	pass	3 ♥
pass	4 ♦	pass	5 ♦
pass	pass	pass	

Það vekur athygli að suður skuli “flísa” í 3♥ með slíka lágmarks-opnun. Sú byrjun skilar NS hratt á réttan áfangastað, en bendir um leið á besta útspil varnarinnar. Helgemo kom út með lauf og það dugði í einn niður.

landsliðshópur 17.12 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	3 G	N	8		50
2	5 ♦	N	10		50
3	3 G x	N	6		500
4	4 ♥ x	V	7	500	
5	5 ♦	N	11	400	
meðaltal				60	
mitt skor					

Spil 28

Rosenblum 2010. KO-8, 3. lota, spil 9.

Norður

♠ ÁKG
♥ K5
♦ DG642
♣ G106

Vestur

♠ D84
♥ G10943
♦ 8
♣ Á932

Austur

♠ 10653
♥ ÁD2
♦ 1053
♣ 875

Suður

♠ 972
♥ 876
♦ ÁK97
♣ KD4

V/NS

3G/N = 200 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Levin	Rosenberg	Weinstein	Willenken
pass	1 G	pass	3 G
pass	pass	pass	

Sagnhafi tekur ♠D vesturs í fyrsta slag og spilar laufi.

Vestur verður að drepa strax og skipta yfir í hjarta.

Er það erfitt?

Hvað varnarreglur eru virkar?

landsliðshópur 17.12 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	3 G	N	9	600	
2	5 ♦	N	11	600	
3	3 G	N	8		100
4	3 G	N	7		200
5	3 G	N	9	600	
meðaltal				300	
mitt skor					

Spil 29

Rosenblum 2010. KO-16, 1. lota, spil 10.

Norður

♠ KD8
♥ Á96
♦ ÁD52
♣ D87

Vestur

♠ 52
♥ DG53
♦ 4
♣ ÁKG1065

Austur

♠ Á96
♥ K1087
♦ G73
♣ 943

Suður

♠ G10743
♥ 42
♦ K10986
♣ 2

N/Allir

4♠/N = 620 í NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rosenberg	Seamon	Willenken	Cayne
—	1 G	pass	2 ♥
3 ♣	3 ♠	4 ♣	4 ♠
pass	pass	pass	

Ákvörðun norðurs að segja 3♠ yfir 3♣ er góð og lykillinn að því að NS finni geimið góða.

Á hinu borðinu dóu sagnir í 3♣ eftir sömu byrjun. Suðri leist ekki á að krefja í geim með 3♦.

landsliðshópur 17.12 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♠	S	10	620	
2	2 ♠	N	10	170	
3	3 ♠	N	10	170	
4	4 ♠	S	10	620	
5	2 ♠	S	10	170	
meðaltal				350	
mitt skor					

Spil 30

Rosenblum 2010. KO-16, 3. lota, spil 8.

Norður

♠ D7
♥ 105
♦ ÁG7
♣ KD10853

Vestur

♠ 1092
♥ ÁKG76
♦ K86
♣ 94

Austur

♠ KG
♥ D98432
♦ 1053
♣ Á6

Suður

♠ Á86543
♥ —
♦ D942
♣ G72

A/Enginn

4♥x/A = 590 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Greco	Duboin	Hampson	Sementa
—	—	2 ♥	2 ♠
4 ♥	dobl	pass	pass
pass			

Vörn NS var óheppileg. Sementa kom út með tígul, Duboin átti fyrsta slaginn á ♦G og skipti yfir í ♠D. Sementa drap og skilaði ♦D um hæl. Úps.

Annars vinnast 4♠ í NS og spurning hvort vitræn leið sé í þann samning.

landsliðshópur 17.12 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♥	A	9	50	
2	3 ♠	N	10	170	
3	4 ♠	S	10	420	
4	3 ♠	S	10	170	
5	5 ♣	N	11	400	
meðaltal				280	
mitt skor					

Spil 31

Rosenblum 2010. Úrslitaleikurinn, lota 1, spil 15.

Norður

♠ 762
♥ KD876
♦ Á7
♣ Á86

Vestur

♠ G83
♥ 10962
♦ D2
♣ D1042

Austur

♠ 4
♥ Á3
♦ 109543
♣ KG753

Suður

♠ ÁKD1095
♥ G4
♦ KG86
♣ 9

S/NS

6♠/S = 1430

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hampson	Hamman	Greco	Zia
—	—	—	1 ♠
pass	2 ♥	pass	2 ♠
pass	3 ♠	pass	4 ♣
pass	4 ♦	pass	4 G
pass	5 ♥	pass	6 ♠
pass	pass	pass	

Slemman er ekki eins “borðleggjandi” og ætla mátti. Zia fékk út lauf. Hann drap, tók ♠ÁKD og spilaði ♥G, sem Greco dúkkaði, réttilega. Zia spilaði svo hjarta á KÓNG og nú verður hann að hitta í tígulinn í lokin—spila upp á ♦D í vestur með lengdinni í hjarta.

Annar möguleiki er að spila ♥G og dúkka næsta hjarta. Treysta talningu AV.

Á hinu borðinu stönsuðu Gitelman og Moss í 5♠ og unnu sex þegar Meckstroth drap strax ♥G með ás.

landsliðshópur 17.12 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♠	S	12	680	
2	6 ♠	S	12	1430	
3	6 ♠	S	12	1430	
4	5 ♣ x	V	7	800	
5	6 ♠	S	12	1430	
meðaltal				1150	
mitt skor					

Spil 32

Rosenblum 2010. Úrslitaleikurinn, 3. lota, spil 16.

Norður

♠ Á104
♥ D107652
♦ ÁG5
♣ 2

Vestur

♠ KDG95
♥ ÁKG98
♦ 62
♣ K

Austur

♠ 7
♥ 43
♦ D983
♣ 1076543

Suður

♠ 8632
♥ —
♦ K1074
♣ ÁDG98

V/AV

2♠/V = 400 NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hampson	Hamman	Greco	Zia
1 ♣ ¹	2 ♥	pass	pass
2 ♠	pass	pass	pass

(1) Sterkt lauf.

Hjarta út og fjórir niður! Vörnin er ekki erfið.

Hinum megin stökk Moss í norður í 2♦ við sterku laufi Rodwells. Sú sögn sýndi annað hvort litinn fyrir ofan eða tvo þar næstu. Gitelman losaði sig úr klemmunni með passi, sem setti Rodwell í þunga stöðu. Hann valdi 3♦ í viðleitni til að fá makker til að velja hálit. Meckstorth vissi ekki sitt rjúkandi ráð, sagði 4♦ og Rodwell 4♥. Allir pass, fjórir niður og fallin spýta.

landsliðshópur 17.12 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	3 ♣ x	V	5	1100	
2	2 ♥	N	8	110	
3	3 G	N	6		150
4	5 ♦ x	S	9		300
5	2 ♥	N	5		150
meðaltal				120	
mitt skor					

Spil 33

Rosenblum 2010. KO-8, 4. lota, spil 24.

Norður

♠ D
♥ D83
♦ KDG9843
♣ G9

Vestur

♠ G1082
♥ 102
♦ 7
♣ ÁD10762

Austur

♠ ÁK976
♥ ÁKG65
♦ Á10
♣ 3

Suður

♠ 543
♥ 974
♦ 652
♣ K854

N/Enginn

6♠/V = 1010 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Zia	Jassem	Hamman	Martens
—	3 ♦	dobl	pass
4 ♦	pass	4 G	pass
5 ♣	pass	5 ♦	pass
6 ♣	pass	6 ♥	pass
6 ♠	pass	pass	pass

Virkilega vel meldað hjá Zia og Hamman. Til að byrja með reynist vel að dubla 3♦ frekar en að sýna hálitina með 4♦. Doblið gefur vestri meira svigrúm til að taka þátt í sögnum, enda er tvílita inná-koman mun víðari í styrk. Alla vega, þá er slemma fastbundin eftir 4♦ Zia. Hamman LEITAR með 4G (ekki spurning um ása) og aftur með 5♦. Zia velur laufið tvisvar, en skilur loks að Hamman sé að biðja um val á milli hálita. Vel gert.

landsliðshópur 17.12 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	5 ♠	A	13		510
2	5 ♠	A	13		510
3	6 ♠	A	13		1010
4	6 ♠	A	13		1010
5	6 ♠	A	13		1010
meðaltal					
mitt skor					

Spil 34

Rosenblum 2010. Undanúrslit, 3. lota, spil 1.

Norður

♠ G853

♥ G2

♦ D109

♣ ÁG32

Vestur

♠ —

♥ KD

♦ K8653

♣ D109654

Austur

♠ ÁKD962

♥ 109653

♦ 2

♣ 8

Suður

♠ 1074

♥ Á874

♦ ÁG74

♣ K7

A/NS

4♣/V = 200 NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nunes	Hampson	Fantoni	Greco
—	—	pass	1 ♦
2 ♣	pass	2 ♦	pass
3 ♣	pass	3 ♠	pass
4 ♣	pass	pass	pass

Hvernig er best að meðhöndla spil austurs?

Hvað meinti Fantoni með 2♦?

landsliðshópur 17.12 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	3 ♠ x	A	9		530
2	3 ♥	A	5	200	
3	2 ♥	A	7	50	
4	3 G	V	7	100	
5	4 ♥	A	9	50	
meðaltal					30
mitt skor					

Spil 35

Rosenblum 2010. KO-8, 1. lota, spil 2.

Norður

♠ —

♥ 542

♦ KD983

♣ ÁG982

Vestur

♠ DG872

♥ G9

♦ 72

♣ K1053

Austur

♠ ÁK943

♥ Á86

♦ Á10654

♣ —

Suður

♠ 1065

♥ KD1073

♦ G

♣ D764

S/AV

5♣_x/NS = 300 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Vriend	Dekkers	Arnolds	Michielsen
—	—	—	2 ♥
pass	4 G	dobl	5 ♣
dobl	pass	pass	pass

Í fyrstu hendi, utan gegn á hættu, VERÐUR að vera til einhver opnun á spil suðurs.

landsliðshópur 17.12 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	5 ♠	A	11		650
2	5 ♣ _x	S	9		300
3	5 ♠	V	10	100	
4	3 ♠	V	11		200
5	4 ♠	V	10		620
meðaltal					330
mitt skor					

Spil 36

Rosenblum 2010. Úrslitaleikurinn, 4. lota, spil 20.

Norður

♠ DG42
♥ 83
♦ D8765
♣ 98

Vestur

♠ K8
♥ Á107654
♦ G9
♣ Á75

Austur

♠ Á63
♥ KG
♦ ÁK42
♣ K432

Suður

♠ 10975
♥ D92
♦ 103
♣ DG106

V/Allir

7♥/V = 2210 AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
Moss	Rodwell	Gitelman	Meckstroth
1 ♥	pass	2 G	pass
3 ♥	pass	3 ♠	pass
4 ♥	pass	4 G	pass
5 ♥	pass	5 ♠	pass
5 G	pass	7 ♥	pass
pass	pass		

Moss fékk út tromp, sem leysti þann vanda. Hann spilaði fljótlega ♦G, lítið frá Rodwell og ... ás. Raunlíkur á að hleypa gosanum eru í nálægt 25% (♦D í norður og ♦10 í suður), því norður mun ekki leggja á nema eiga tíuna líka. Hvað um það. Moss einangraði tígulvaldið við norður, byggði svo upp tvöfalda þvingun þar sem norður þurfti að valda tígulinn, suður laufið og hvorugur gat þar með passað spaðann. 13 slagir.

Zia spilaði 6♥ glæsilega á hinu borðinu. Fékk út spaða. Frekar en að svína blint fyrir ♥D, stytta hann sig í trompinu og sendi vörnina inn á lauf í lokin. Þá voru þrjú spil á hendi: ♥KG í borði og ♥Á10x heima.

landsliðshópur 17.12 2010

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	6 ♥	V	12		1430
2	6 ♥	V	12		1430
3	6 ♥	V	12		1430
4	7 G	A	12	100	
5	4 G	A	11		660
meðaltal					970
mitt skor					

Spil 37

Eine chance zuviel - Ulrich Auhagen (1987)

Norður

♠ 65
♥ ÁK10865
♦ 72
♣ G52

Vestur

♠ D98743
♥ 42
♦ KG3
♣ D7

Austur

♠ Á10
♥ DG9
♦ ÁD96
♣ ÁK96

Suður

♠ KG2
♥ 73
♦ 10854
♣ 10843

N/NS

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	2 ♥	dobl	pass
3 ♠	pass	4 ♠	pass
pass	pass		

Sagnir

Austur er of sterkur í 2G (sem væri 15-18), en stökk í 3G er ekki út í hött. Hjartafyrirstaðan er þó full veik og betra að hafa makker með í ráðum með opnunardobli. Stökk vesturs í 3♠ er áskorun með með mjög líklegum sexlit.

Spilamennskan

Norður tekur tvo slagi á ♥Á-K og gerir síðan best í því að spila hjarta í þriðja sinn. Sem suður trompar með KÓNG. Hver veit - vestur gæti tekið upp á því að svína ♠10 síðar.

landslíðshópur 7.1 2011

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	6 ♠	V	10	100	
2	3 G	A	7	100	
3	3 G	A	9		400
4	6 ♠	V	10	100	
5	6 ♠	V	10	100	
6	5 ♠	V	10	50	
meðaltal				0	0
mitt skor					

Spil 38

Eine chance zuviel - Ulrich Auhagen (1987)

Norður

♠ D84
♥ D10972
♦ G93
♣ D10

Vestur

♠ K6
♥ 5
♦ K872
♣ Á97632

Austur

♠ ÁG10732
♥ Á6
♦ Á5
♣ K84

Suður

♠ 95
♥ KG843
♦ D1064
♣ G5

A/AV

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	1 ♠	pass
2 ♣	pass	2 ♠	pass
4 ♠	pass	4 G	pass
5 ♥	pass	6 ♠	pass
pass	pass		

Sagnir

Vestur á vart nóg til að krefja í geim með 2♣ og hefði frekar átt að byrja á kröfugrandi.

Spilamennskan

Mikið veltur á útspili suðurs. Með hjarta út er besta spilamennskan sú að trompa hjarta og treysta á ♠Dx eða laufið 2-2. Það gefur 12 slagi. Með tígli út er betra að svína í spaða og þá fást allir slagirnir. Spennan er mest með ♣G út—ef norður er með á nótunum og fylgir hiklaust með ♣D. Ef sagnhafi bítur á agnið mun hann toppa spaðann og svíni svo laufnúu síðar!

landslíðshópur 7.1 2011

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♠	A	13		710
2	6 ♠	A	12		1430
3	6 ♠	A	12		1430
4	4 ♠	A	13		710
5	4 ♠	A	12		680
6	5 ♠	A	12		680
meðaltal					940
mitt skor					

Spil 39

Eine chance zuviel - Ulrich Auhagen (1987)

Norður

♠ K104

♥ G52

♦ 872

♣ 8754

Vestur

♠ 653

♥ 984

♦ G1063

♣ KD9

Austur

♠ G9872

♥ 76

♦ 5

♣ ÁG1063

Suður

♠ ÁD

♥ ÁKD103

♦ ÁKD94

♣ 2

S/Allir

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	2 ♣
pass	2 ♦	pass	2 ♥
pass	3 ♣ ¹	pass	3 ♦
pass	4 ♥	pass	6 ♥
pass	pass	pass	

(1) Endurafmelding

Sagnir

Blátt áfram. Suður opnar á alkröfu og sýnir svo báða litina, en fær dræmar undirtektir frá makker.

Spilamennskan

Út kemur ♣K og meira lauf. Suður trompar, tekur ♥Á-K og skoðar svo tígulinn með ásnum. Hugmyndin er að spila tígli tvisvar áður en síðasta trompið er tekið af vörninni. Hver veit—ef sami mótherji á tvö tromp og einn tígul, verður hægt að stinga tígul í borði. Vestur sér hvað verða vill og breytir stefnu sagnhafa með því að láta ♦G eða tíu undir tígul-ásinn!

landslíðshópur 7.1 2011

B	SAMNINGUR	SH.	SL.	N-S	A-V
1	4 ♥	S	13	710	
2	5 ♥	S	11	650	
3	6 ♥	S	12	1430	
4	4 ♥	S	13	710	
5	6 ♥	S	12	1430	
6	6 ♥	S	11		100
meðaltal					800
mitt skor					

Spil 40

Eine chance zuviel - Ulrich Auhagen (1987)

Norður

♠ ÁK109

♥ G5

♦ KG9

♣ 7642

Vestur

♠ 4

♥ ÁD732

♦ Á763

♣ KD9

Austur

♠ G7

♥ 10984

♦ 54

♣ ÁG1083

Suður

♠ D86532

♥ K6

♦ D1082

♣ 5

V/Enginn

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♥	dobl	3 ♥	4 ♠
5 ♥	pass	pass	pass

Sagnir

Það má deila um baráttugleði vesturs að fara upp á fimmta þrep, en svo er að sjá að hann hafi gert rétt, því 5♥ vinnast með því að svína ♥D og 4♠ fara bara einn niður.

Spilamennskan

